

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, Hvaleyrarhraun.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 27. júlí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, 23. desember 1997.

Breytingin felst í því að opið svæði til sérstakra nota, merkt Ú14 - golfvöllur Keilis, stækkar til vesturs um 16 ha og við það minnkar iðnaðarsvæði norðan álversins í Straumsvík að sama skapi. Svæði fyrir dælu- og hreinsistöð, merkt S25, við Þvottakletta fellur út og í þess stað er gert ráð fyrir dælu- og hreinsistöð fráveitu vestar á svæðinu.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 27. júlí 2005.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*